



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Borg, 20. janúar 2020

**Efni: Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. janúar s.l. var lagt fram til samráðs mál nr. 317/2019 „Drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð“ frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 18. desember 2019. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri:

*Vinna við Hálandisþjóðgarð hófst í júlí 2016 og í janúar 2020, tæpum fjórum árum síðar er lagt fram frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð. Í frumvarpinu koma fram markmið sem eru nokkuð góð en þrátt fyrir það telur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að verið sé að fara of geyst í stofnun Hálandisþjóðgarðs þar sem um er að ræða um 40% af flatarmáli Íslands. Í greinagerðinni sem fylgir drögum um frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð segir:*

*“Innan miðhálandisins eru stærstu víðerni landsins og fremur fá og dreifð mannvirki. Víða um heim hafa víðerni minnkað mikið og hið sama er tilfellið hérlandis. Þó eru hér enn ein stærstu víðerni Evrópu og verðmæti þeirra því mikið.” Sveitarstjórn leggur því ríka áherslu á að mikilvægt sé því að flyta sér hægt, skapa breiðari sátt og vinna málið betur í samvinnu við sveitarfélög og hagaðila. Mörgum spurningum er enn ósvarað og forvinna og gagnasöfnun, sem er grunnforsenda fyrir stofnun Hálandisþjóðgarðs og þjóðgarðastofnunar, hefur langt í frá verið lokið. Sveitarstjórn tekur einnig undir með öðrum umsagnaraðilum og telur að hafa þurfi ákveðin atriði í huga:*

*-Mikilvægt er að tryggja fjármagn til starfsemi og rekstrar Hálandisþjóðgarðsins, til lengri tíma litið.*

*-Afar mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt og á engan hátt skert. Með stofnun þjóðgarðsins er verið að færa skipulagsvaldið að hluta til stjórnunar- og verndaráætlana, slíkar áætlanir mega aldrei takmarka eða ganga á skipulagsvald sveitarfélaganna og er það ákvæði í frumvarpinu ekki nógu skýrt.*

*-Löng hefð er fyrir nýtingarétti á miðhálandinu eins og veiðirétti og upprekstrarrétti. Afar mikilvægt að svo verði áfram svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins.*

*-Hálandisþjóðgarður getur haft jákvæð áhrif á byggðapróun í nærliggjandi byggðum en til þess að svo geti orðið þarf að tryggja fjármagn til innviðaupbygginga svo sem uppbyggingu vega og þjónustumiðstöðva sem tryggir gott aðgengi að garðinum.*

*-Skoða þurfi hvort Hálandisþjóðgarður þurfi að fara í umhverfismat.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES OG  
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri